

Ed.

671. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson, Þorst. Þorsteinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lögum um atvinnu við siglingar, nr. 104 23. júní 1936, með tilliti til þess, hvort fært þyki að fækka skipstjórnar- og vélamönnum á hérlendum skipum og á annan hátt lækka útgerðarkostnað skipanna. Er þess vænzt, að tillögur um þessi atriði verði lagðar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Í frv. því, er við flutningsmenn þessarar tillögu fluttum ásamt þingm. Suður-Þingeyinga um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands o. fl., var í 2. gr. sett ákvæði um takmörkun mannafla á íslenskum skipum. Þegar svo það varð ofan á að láta frv. það koma fram sem fleiri sjálfstæð frumvörp og þingsál., urðu þau ákvæði eftir, en við teljum fyllstu þörf á, að athugun fari fram í ofanefnda átt og að ekki sé á því sviði frekar en annarstaðar eytt fé um nauðsyn fram eða haft fleira fólk í hættu en brýn þörf er á, en slíkt virðist eiga sér stað á skipum þeim, er nú ganga landa á milli. Ekki virðist og síður ástæða til, ef fært þætti, að draga úr kostnaði við fiskveiðar landsmanna.